



ALMENNINGSSAMRÁÐ OG ÍBÚALÝÐRÆÐI

Valgerður Björk Pálsdóttir
Doktorsnemi í stjórnmálafræði - Háskóli Íslands

Kynning 8. febrúar 2023
fyrir framtíðarnefnd Reykjanesbæjar



Þátttökulýðræði – fræðin

- Kenningar um þátttöku- og rökræðulýðræði fjalla um þær leiðir sem almennir borgarar hafa til þess að taka beinni og virkari þátt í opinberri stefnumótun og hafa áhrif á pólitíska ákvarðanatöku
- Þær gera ráð fyrir að almennir borgarar geti tekið upplýstar ákvarðanir, rétt eins og kjörnir fulltrúar
- Í þátttökulýðræði er fókusinn á jafnan aðgang allra að ákvarðanatökuferlinu, dæmi um vettvanga:
 - Þátttökufjárlög, hverfaráð, íbúakosningar, samráðsgáttir ofl.
- Í rökræðulýðræði er fókusinn á að upplýstar rökræður (slembivaldra) almennra borgara geti leitt af sér góðar ákvarðanir, dæmi um vettvanga:
 - Rökræðukannanir, borgaraþing, íbúadómnefndir

Þátttökulýðræði - praktík

- **Hvar er þátttöku- og rökræðulýræði algengt?**

- Írland

- Hafa haldið 4 borgaraþing sem hafa haft áhrif á lagasetningu

- Belgía

- Á mið-stjórnsýslustigi (regional level) eru á nokkrum stöðum varanleg borgaraþing partur af stjórnkerfinu

- Portúgal

- Þátttökufjárlög (participatory budgeting) algeng

- Norðurlöndin

- Íbúaráð virk í sveitarfélögum, umboðsmaður íbúa osfv.

Þátttökulýðræði á Íslandi

- Dæmi um vettvanga rökræðulýðræðis:
 - Stjórnlagaráð 2011
 - Rökræðukönnun um stjórnarskrárbreytingar 2019
- Dæmi um vettvanga þátttökulýðræðis:
 - Þjóðaratkvæðagreiðslur (beint lýðræði)
 - Íbúakosningar í sveitarfélögum
 - Íbúaráð/hverfaráð í sveitarfélögum – Reykjavík með mestu reynsluna

Íbúalýðræði í sveitarfélögum á Íslandi

- Reykjavík undir forystu Besta flokksins lagði áherslu á aukna þátttöku almennings í ákvarðanatöku í kjölfar hrunsins
- Síðan þá hefur Reykjavík verið með hverfaráð, samráðsvettvangana Betri Reykjavík og Hverfið mitt og samþykkt yfirgripsmikla lýðræðisstefnu árið 2021
- Önnur sveitarfélög með lýðræðisstefnu eru Garðabær og Mosfellsbær (Sjá [hér BA ritgerð](#) sem er samanburðarrannsókn á þessum þremur stefnum)

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar

- Eitt og hálft ár í smíðum – þverpólitískur stýrihópur sá um vinnuna með starfsfólki mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar
- Samráðsferli við mótnun stefnunnar:
 - Allir gátu komið með hugmyndir á vefnum Betri Reykjavík
 - Rýnihópaumræður
 - Vinnufundir í stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar (með öllum sviðum)
 - Opinn rafrænn fundur fyrir alla íbúa
 - [Hér](#) er hægt að sjá fullt af gagnlegum athugasemdum sem komu fram við gerð stefnunnar (neðst á síðunni)

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar

- [Stefnan sjálf:](#)

- Aðal tilgangurinn er að styðja við lýðræðislega þátttöku íbúa og auka möguleika þeirra til að hafa áhrif á nærsamfélagið, ákvarðanatöku og stjórnun sveitarfélagsins
- Alls konar tekið fyrir í stefnunni:
 - Upplýsingagjöf, hverfaráð, ábendingavefur, hagaðilasamráð
- [Ítarleg 3ja ára aðgerðaáætlun](#) fylgir með stefnunni

Íbúaráð/hverfaráð

- **Íbúaráð Reykjavíkur:**

- Tilgangur þeirra er styrkja tengingu og stytta boðleiðir milli íbúa og stjórnsýslu borgarinnar og styðja við möguleika íbúa á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Íbúaráð eru skipuð 3 fulltrúum flokka sem eiga sæti í borgarstjórn, eins fulltrúa íbúasamtaka, tveggja fulltrúa foreldrafélaga og eins fulltrúa íbúa (sem er slembivalinn)
- Í [samþykkt um íbúaráð Reykjavíkur](#) kemur fram ýmislegt um umboð, verksvið, skipan ofl.

- **Íbúaráð Kópavogs:**

- Voru slembivalin (passað upp á rétta samsetningu sem endurspeglar íbúa sveitarfélgsins) – 30 fulltrúar í hverju ráði

Mikilvægt að hafa í huga við stefnumótun

- Setja strax upp ferli sem á að styðjast við í stefnumótuninni
- Skoða Handbókina vel og sérstaklega á vef Sambandsins: Stig þátttöku, loforð (sjá tengil á næstu glæru)
- Pólitískur stuðningur – kjörnir fulltrúar verða að vera skýrir með sína afstöðu til þess hvað á að gera við niðurstöður samráðsverkefna (hér er gott að styðjast við Stig þátttöku)
- Athuga muninn á almenningssamráði og hagaðilasamráði
 - Mikilvægt að kortleggja viðeigandi hagaðila í mismunandi málaflokkum
 - Skoða hvenær þarf að hafa samráð við hagaðila og hvenær almenning

Gagnlegir tenglar

- [Handbók um íbúasamráð](#) frá 2018 – Samband íslenskra sveitarfélaga
 - Mjög góður leiðarvísir
- [OECD Deliberative democracy toolbox](#)
 - Fyrir þau sem vilja fara dýpra í efnið